



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 6. nóvember 2019



Sjötti fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 6. nóvember 2019 kl.12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Inga Lilja Lárusdóttir og Magnús Karl Daníelsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 9 mánaða uppgjör
AP kynnti 9 mánaða uppgjör.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið karla
GBO fór yfir ferð A landslið karla til Svíþjóðar þar sem leiknir voru 2 vináttulandsleikir við Svía. Ferðin gekk mjög vel og ánægjulegt að sjá ný andlit standa sig vel. Greinilegt að samkeppnin er að aukast.
4. Breyting á reglugerð um aganefnd
Í ljósi dóms aganefndar vegna ummæla þjálfara leggur laganeftnd HSÍ fram breytingar á reglugerð um aganefnd til að þrengja rammann þegar kemur að ummælum um dómara. Stjórn HSÍ samþykkir breytinguna á reglugerð.
5. Erindi frá HDSÍ
Stjórn barst erindi frá HDSÍ frá HSÍ varðar ummæli þjálfara og leikmanns ÍBV. RG mun svara erindinu og koma á framfæri einnig breytingu á reglugerð sem samþykkt var að ofan.
6. Tilboð í nýjan vef HSÍ
RG hefur verið að leita að tilboði í nýjan vef HSÍ. Stjórn HSÍ samþykkti að ganga til samninga við Kasmír og mun RG ganga frá samningi við þá.
7. Tilboð vegna LED skilta
RG er með tilboð vegna LED skilta. RG og AP fá umboð til samningsgerðar.
8. Heiðursfáni HSÍ
RG lagði fram tillögur að nýjum heiðursfána HSÍ. Út frá þeim umræðum barst umræðan um merki HSÍ. Jón Viðar tekur að sér að leiða vinnu hjá HSÍ að skoða heildrænt ímyndarmál HSÍ.
9. Mannvirkjanefnd HSÍ
Stjórn HSÍ samþykkir að stofna mannvirkjanefnd með heimild í 4. mgr. 19. gr. laga HSÍ. Nefndinni er ætlað að koma með leiðbeiningar til HSÍ og félaga HSÍ um lágmarkskröfur til íþróttahúsa, breytingar íþróttahúsa og sinna þeim erindum sem stjórn HSÍ beinir til hennar. Eftirtaldir aðilar eru samþykktir af stjórn í nefndina:
 1. Aðalsteinn Snorrason
 2. Guðjón L. Sigurðsson



3. Pétur Vilbert Guðnason

10. Staða styrktaraðila

RG kynnti stöðu mála er varðar styrktaraðila og mun fara í að útbúa áætlun er varðar endurnýjun samninga.

11. Önnur mál

a. Búningamál HSÍ

RG kynnti stöðu á búningasamning HSÍ og þau atriði sem eru þar í vinnslu. RG og JVS vinna það mál áfram.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 4. desember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari